



## Jafnlaunavottun?

Jafnlaunastaðallinn ÍST 85:2012 er stjórnunarstaðall fyrir jafnlaunakerfi, á grundvelli hans geta fyrirtæki og stofnanir fengið jafnlaunavottun. Staðallinn nýtist öllum fyrirtækjum og stofnunum óháð stærð, starfsemi, hlutverki og kynjahlutfalli. Hann tryggir fagleg vinnubrögð sem fyrirbyggja beina og óbeina mismunun vegna kyns.

Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Jafnlaunavottun var lögfest í júní 2017 með breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008. Samkvæmt lögnum skal jafnlaunavottun byggjast á jafnlaunastaðlinum ÍST 85. Með innleiðingu hans geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Jafnlaunastaðalinn ÍST 85 er hægt að nálgast hjá Staðlaráði Íslands.

Það er lögbundið að öll fyrirtæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri að jafnaði á ársgrundvelli skulu hafa öðlast vottun á jafnlaunakerfi sitt fyrir árslok 2022.

Faggiltur vottunaraðili metur hvort öll skilyrði staðalsins hafi verið uppfyllt og séu þau uppfyllt veitir hann viðkomandi fyrirtæki eða stofnun vottun á jafnlaunakerfið. Jafnlaunamerkið fæst síðan frá Jafnréttisstofu þegar gögn hafa verið móttekin og yfirfarin af stofnuninni.

---

*Skjal þetta er til leiðbeiningar við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og upplýsingar sem fram koma eru hvorki fullbúnar né tæmandi.*

---